

Tillaga um breytingu á móta- og keppnisreglum FSÍ vegna verðlaunaafhendingar í þrepum og frjálsum æfingum

Fimleikafélagið Björk leggur til að reglur sem snúa að verðlaunaafhendingu hjá fjölda þátttakenda og liða hjá öllum kynjum verði endurskoðuð. Tillagan okkar er að veitt séu verðlaun 1. -3. sæti í öllum aldursflokkum í 1.-3. þrepi og frjálsum æfingum á öllum áhöldum og á öllum FSÍ mótum.

Rökstuðningur:

Verðlaunareglur eiga að vera skýrar óháð fjölda skráðra keppenda. Í núverandi reglum er miðað við minnst 7 keppendur í aldurshóp í 3. þrepi og 5 keppendur í 1.-2. þrepi til að aldurshópur haldi sér. Það að fá að standa á verðlaunapalli er gríðarlegur heiður, stórt augnablik að vinna til verðlauna og eykur sjálfstraust keppenda og við viljum að fleiri keppendur fái að njóta þess. Það er einnig mikilvægt að verðlauna keppendur og lið sem lenda í 2. og 3.sæti, og leiðinlegt að keppendur á palli fái ekki verðlaun vegna fárra liða skráða til keppnis. Við sjáum mikið brottfall keppenda á þessum aldri og hreyfingin í heild þarf að standa vörð um iðkendurna.